

Skóla-akur

Vefrit um skólamál 9. tbl. 11. árgangur 30. nóvember 2017

Fréttir úr Hríseyjarskóla.

Hríseyjarskóli var settur 25. ágúst sl. og allir mættu glaðir og hressir effir gott sumar. Skólasterfið byrjaði á hefðbundinn hátt með skólaleikum þar sem allir tóku þátt og skemmtu sér afar vel. Í grunnskóladeildinni eru 11 börn og á leikskóladeildinni eru 5 börn, starfið á báðum deildum hefur gengið vel og við erum bjartsýn og horfum jákvæð til framtíðar. Við höldum áfram með það starf og skipulagningu sem við byrjuðum á sl. vetur „leiðtogar í eigin námi“. Nú á haustdögum keypti skólinn Apple spjaldtölvur til afnota fyrir alla nemendur skólans og er það mikilvægt skref í að auka fjölbreytni og efla framþróun í skólanum. Við stöndum frammi fyrir því núna að mennta nemendur til að taka þátt í samfélagi sem við vitum ekki hvernig verður í framtíðinni.

Hraðar tæknibreytingar bjóða upp á óendanlega möguleika í kennsluháttum og námi, og við þurfum að vera óhrædd að tileinka og kynna okkur þessa þróun. Einnig fékk skólinn að gjöf Osmo forrit en það er viðbót sem notuð er með spjaldtölvunum. Osmo gerir allskyns spjöld, kubba og mynstur rafræn. Haldið er á fornum og myndavélin á spjaldtölvunni nemur formið. Osmo býður uppá marga möguleika til að læra með leik. Verkefni skólaársins hafa verið margvísleg. Sigling með Húna í lok ágúst þar sem við veiddum fisk og fengum fræðslu um lífríkið í sjó. Við tókum þátt í „göngum í skólann“ verkefninu og voru all flestir mjög virkir.

Eldri nemendur skólans saumuðu fjölnota innkaupapoka fyrir Hríseyjarbúðina og var þeim vel tekið. Strákarnir í 7. bekk fóru í skólabúðirnar á Reykjum. Nemendum í 5. 6. og 7. bekk var boðið í leikhús í Hofi á leiksýninguna Oddur og Siggí þar sem fjallað var á einlægan hátt um samskipti, einelti og vináttu. Þriðja og fjórða bekk er boðið í leikhús í Hofi 4. desember. nk. Sudbury vika var hjá okkur í lok október það er vika þar sem nemendur velja sjálfir hvað þau vilja læra og tengja það við lykilhæfni í Aðalnámsskrá, þeir mæta með útfyllta stundatöflu fyrir vikuna og vinna effir henni. Þarna reynir á að skipuleggja sig vel og áætla góðan tíma í það sem á að gera. Nemendur völdu t.d. að smíða,

sauma, baka, tempru súkkulaði, gera bækur, forrita, æfa á gítar og bassa svo eitthvað sé nefnt. Í útíkennslulotu í haust byrjuðu nemendur á myndbandavinnu um heimabyggðina og luku við þá vinnu í upplýsinga og tæknimennt og sýndu afraksturinn á Foreldrakaffi skólans á Degi íslenskrar tungu og er aðgengilegt á heimasíðu Hríseyjarskóla, hriseyjarskoli.is

Nú er desember framundan og nóg um að vera hjá okkur, við höldum í hefðir, málum gluggana, skerum út laufabrauð, bókum piparkökur, skrifum á jólakort, útbúum jólagjafir og föndrum.

Þórunn Björg Arnórsdóttir skólastjóri.



Myndir augnabliksins fylgja fréttinni frá Hríseyjarskóla.



Skóla-akur er vefþímarit sem gefið er út af fræðsluviði Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri. Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mánudaga.-miðvikudaga frá kl. 8-13. Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. Dreifing: Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Skáld í skólum.

Puttaferðalag með ljóðskáldi og rappara.

Þórdís Gísladóttir, ljóðskáld og unglingabókahöfundur og Atli Sigþórsson/Kött Grá Þje, rithöfundur og rappari heimsóttu 8. - 10. bekk í Brekkuskóla í vikunni. Þau rifjuðu upp eigin unglingsár í Hafnarfirði og á Akureyri, spjölluðu um unglinga, unglingabækur, ljóð og sögur. Þau lásu líka úr eigin verkum, bókum hvors annars og jafnvel verkum einhverra allf annarra skálda. Það er óhætt að segja að þau náðu vel til nemenda sem hlustuðu af áhuga allan tímann. Þórdís Gísladóttir er íslenskufraeðingur að mennt og hefur sent frá sér ljóðabækur og barna- og unglingabækur. Hún hefur enn fremur þýtt fjölda bóka, ritstýrt tímariti og stjórnað barnabókmenntahátíð. Atli Sigþórsson semur alls kyns orðlist en hann hefur m.a. sent frá sér örsögur, ljóð, reggílög og rapp.



Dagur íslenskrar tungu í Hlíðarskóla.

Í tilefni af degi íslenskrar tungu útbjuggu yngri nemendur skólans tvö örmyndbönd. Þar var um að ræða myndbönd þar sem þeir svöruðu tveimur spurningum sem komu frá Menntamálaráðuneytinu sem jafnframt óskaði eftir því að nemendur gerðu örmyndbönd að hámarki ein mínúta til að svara spurningunum. Spurningarnar voru eftirfarandi: Af hverju er íslenskan mikilvæg fyrir þig? og Af hverju ert þú mikilvægur fyrir íslenskuna?

Hér eru hlekkir á myndböndin:

<https://www.youtube.com/watch?v=XvUA4XS9xpY>

<https://www.youtube.com/watch?v=4svbhKQwHZI>

Grunnskólanemar syngja með Friðrik Dór í Hofi.

Í lok nóvember 2017 var öllum grunnskólanemendum Akureyrarbæjar boðið í heimsókn í Hof. Heimsóknin var þáttur í Söngvaflóði, verkefni sem Tónlistarskólinn hefur unnið í vetur í samstarfi við grunn- og leikskóla bæjarins. Krakkarnir og kennarar nutu þess að syngja saman í Hofi, og ekki skemmdi fyrir að fá Friðrik Dór í heimsókn.



Unnið að barnvænu sveitafélagi.

Hafin er vinna við innleiðingu barnasáttmála UNICEF hér á Akureyri og stefnt á að vera barnvænt sveitafélag. Hið fyrsta á Íslandi. Nú þegar er vinnan komin á fullt en það sem er framundan er að þann 1. des nk. verður haldið stórþing ungmenna á Akureyri í Hofi. Þingið er ætlað unglingum á unglingastigi grunnskóla og yngstu tveimur árgöngum framhaldsskóla. Fulltrúar úr öllum grunnskólum Akureyrarkaupstaðar verða á þinginu, ásamt fulltrúum úr báðum framhaldsskólum Akureyrar. Yngri börn; leikskólastig, yngsta stig og miðstig grunnskóla munu vinna tengd verkefni í sínum skólum.

Viðfangsefni þingsins er tvíþætt: annars vegar fræðsla og hinsvegar verður farið í vinnuhópa þar sem rædd verður staða ungmenna í okkar sveitafélagi og dregin upp mynd af því sem betur má fara en einnig hvað vel er gert í okkar sveitafélagi. Niðurstöður umræðna verða lauslega kynntar í lok þingsins. Fjölmiðlum er boðið að koma við í Hofi þegar farið verður yfir niðurstöður um kl 13.30. Áætlað er svo að lokaniðurstöður verði kynntar með formlegum hætti í lok apríl, þá frá öllum skólastigum.

Dagskrá þingsins í aðalatriðum:

11.00 Ávarp frá bæjarstjóra og þing sett

11.15 Fræðsla frá UNICEF um barnasáttmálann

12.00 Farið í vinnuhópa og unnið með spurningarlista undir handleiðslu umræðustjóra

13.20 Niðurstöður þingsins kynntar lauslega